

Von og birta

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla
og
Eva Þyri Hilmarsdóttir píanó

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
sunnudaginn 3. júlí 2022 kl. 17:00

Hlíf Sigurjónsdóttir er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff í Klettafjöllum Kanada. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg.

Haustið 2014 kom geisladiskurinn DIALOGUS út hjá MSR Classics í Bandaríkjunum með einleiksverkum í hennar flutningi, sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Maria Nockin, gagnrýnandi Fanfare Magazine, tilnefndi þann disk „CD of the year 2015“. Síðar endurútgaf sama útgáfufyrirtæki tvöfaldan geisladisk frá árinu 2008, þar sem hún lék allar sönötur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir Johann Sebastian Bach. Hafa báðir þessir diskar hlotið mikið lof gagnrýnenda.

Eva Þyri Hilmarsdóttir lauk prófum frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, Det Jyske Musikkonservatorium í Árósum og Royal Academy of Music í London. Helstu kennarar hennar voru Þorsteinn Gauti Sigurðsson, Halldór Haraldsson, John Damgård og Michael Dussek. Auk fjölda einleikstónleika hefur Eva Þyri komið fram sem einleikari með hljómsveit og tekið þátt í frumflutningi íslenskra og erlendra verka, meðal annars á hátíðunum Myrkum Músíkdögum, Ung Nordisk Musik, Young Euro Classic Festival í Berlín, Young Composers Symposium í London og Óperudögum í Reykjavík.

Í desember 2018 gaf hún út, ásamt Erlu Dóru Vogler, geisladisk með sönglögum Jórunnar Viðar í tilefni 100 ára afmælis hennar, og hlaut hann tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem diskur þess árs.

Efnisskrá

Jón Nordal
f. 1926

Systur í Garðshorni
Ása
Signý
Helga

Antonín Dvorák
1841–1904

Fiðlusónatína í G dúr ópus 100
Allegro risoluto
Larghetto
Molto vivace
Allegro

Ludwig van Beethoven
1770–1827

Sónata nr. 5 óp. 24, Vorsónatan
Allegro
Adagio molto espressivo
Scherzo, Allegro molto
Rondo, Allegro ma non troppo

Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar 2022

Var þetta draumur?

Þriðjudaginn 5. júlí

Jóna G. Kolbrúnardóttir sópran, María Sól Ingólfssdóttir sópran, Eggert Reginn Kjartansson tenór og Þóra Kristín Gunnarsdóttir píanó.

Storm Duo

Þriðjudaginn 12. júlí

Ásta Soffía Þorgeirsdóttir og Kristina Farstad Bjørdal harmoníkur.

Sumartónar Dúó Eddu

Þriðjudaginn 19. júlí

Vera Panitch fiðla og Steiney Sigurðardóttir selló

Erwin Schulhoff hátíð

Helgina 23. og 24. júlí

Dr. Alexander Liebermann kynnir tónskáldið. Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla, Slava Poprugín píanó, Adrien Liebermann saxófónn, Martin Frewer víóla og Þórdís Gerður Jónsdóttir selló.

Sólríkir fuglatónar

Þriðjudaginn 26. júlí

Bryndís Guðjónsdóttir sópran, Pamela De Sensi flauta og Guðríður St. Sigurðardóttir píanó.

Ferðalög um flautuheima

Þriðjudaginn 2. ágúst

Kristín Ýr Jónsdóttir flauta, Hekla Finnsdóttir fiðla, Anna Elísabet Sigurðardóttir víóla og Hjörtur Páll Eggertsson selló.

Diddú og Drengirnir

Þriðjudaginn 9. ágúst

Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran, Sigurður Snorrason og Kjartan Óskarsson klarinettur, Emil Friðfinnsson og Þorkell Jóelsson horn, Brjann Ingason og Snorri Heimisson fagott.

Spúttnik

Sunnudaginn 14. ágúst

Sigríður Bjarney Baldvinsdóttir og Diljá Sigursveinsdóttir fiðlur, Vigdís Másdóttir víóla og Gréta Rún Snorradóttir selló. Jón Marinó kynnir hljóðfæri sín.